



Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2011

Varðar : Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 13/2001, um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, 719. mál.

Samtök iðnaðarins þakka fyrir að fá tækifæri á að koma með athugasemdir við ofangreint frumvarp. Frumvarpið er sett fram til að gera breytingar á lagaumgjörð olíu- og gasvinnslu. Útboð á leyfum til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis árið 2009 var prófsteinn á lagaumgjörð þessarar atvinnugreinar héraðs. Í því ferli kom fram gagnrýni á löggjöfina því ýmis atriði reyndust veruleg hindrun í útboðsferlinu.

Samtökin styðja þessa lagabreytingu og telja hana til verulegra bóta. Nauðsynlegt er að lagaumhverfið sé gegnsætt, auðskilið og í samræmi við það sem þekktist í samkeppnislöndum. Hafa þarf í huga að Drekasvæðið, sem fyrirhugað er að setja í útboðsferli innan tíðar, er á margan hátt fráhrindandi og verður að vera samkeppnishæft að þessu leyti. Fram kemur í greinargerð að horft var til Noregs við undurbúning frumvarpsins og teljum við rétt að nýta þannig áratuga reynslu nágranna okkar. Gerðar eru eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið.

Gerð er athugasemd við orðalag í 5. gr „... skal Orkustofnun ákveða rekstraraðila fyrir hvert einstakt leyfi.“ Í raun er OS að samþykkja aðila sem umsækjandi tilkynnir um, eins og fram kemur í greinargerð og er það orðalag heppilegra. Í 2. mgr. er heimild fyrir OS til að skipta um rekstraraðila að eigin frumkvæði. Æskilegt væri að skýra frekar hvernig þetta gerist, hvort leyfishafa er heimilt að tilnefna nýjan aðila og hvernig farið verður með samninga.

Bryndís Skúladóttir,
forstöðumaður umhverfismála